

Auglýsing

um prestskosningu í Mosfellsprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi, framlagningu kjörskrár og utankjörstaðaatkvæðagreiðslu.

Kjörstjórn þjóðkirkjunnar hefur samkvæmt lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, og starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011, með síðari breytingum, ákveðið að kosning prests í Mosfellsprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi fari fram **18. mars 2016 frá kl. 13:00 til kl. 20:00 í safnaðarheimili Lágafellssóknar að Þverholti 3 í Mosfellsbæ.**

Einn er í kjöri, séra Arndís G. Bernhardsdóttir Linn.

Kjörskrá verður lögð fram á aðgangsstýrðum vef þann 25. febrúar 2016. Slóð á vefinn er hægt að nálgast á vefsíðunni kirkjan.is. Þar getur viðkomandi athugað hvort hann sé á kjörskrá. Við aðgangsstýringuna er notaður íslykill Þjóðskrár Íslands, sbr. 18. gr. fyrrgreindra starfsreglna.

Á kjörskrá skal taka:

Þá sem eru í íslensku þjóðkirkjunni og eiga lögheimili í prestakallinu þegar kjörskrá er lögð fram (þ.e. 25. febrúar 2016) og hafa náð 18 ára aldri þegar kosning fer fram (þ.e. 18. mars 2016).

Kærur til breytinga á kjörskrá þurfa að hafa borist kjörstjórn á biskupsstofu, Laugavegi 31, 101 Reykjavík eigi síðar en kl. 24:00, fimmtudaginn 3. mars 2016. Kærur má senda á netfangið hanna.sampsted@kirkjan.is

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram frá 4. mars til og með 17. mars 2016 á biskupsstofu, Laugavegi 31 í Reykjavík, frá kl. 09:00 til 16:00 alla virka daga og í safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholti 3, 270 Mosfellsbæ, sem hér segir:

Miðvikudaginn 9. mars frá kl. 17:00 -19:00.

Miðvikudaginn 16. mars frá 17:00 -19:00.

Hamrar hjúkrunarheimili, Langatanga 2a, 270 Mosfellsbæ.

Miðvikudaginn 9. mars frá kl. 15:00 -16:30.

Reykjavík, 29. febrúar 2016
f.h. kjörstjórnar þjóðkirkjunnar

Hjördís Stefánsdóttir, formaður.